

UMHVERFIS- OG
AUÐLINDARÁÐUNEYTIÐSkuggasundi 1 101 Reykjavík
sími: 545 8600 postur@uar.is
umhverfisraduneyti.is

Reykjavík 25. febrúar 2021

Tilv.: UMH21010190/2.3.5

Hér með ert þú skipuð í ráðgjafarhóp sem hefur það hlutverk að veita ráðgjöf og styðja við rannsóknarverkefni um kolefnishlutlaust Ísland árið 2040. Verkefnið mun veita nauðsynlegan grunn að frekari stefnumótun um kolefnishlutleysi. Stefnumótun um kolefnishlutleysi er umfangsmikið verkefni. Þegar horft er til framtíðar þarf að skoða þá möguleika sem til staðar eru til samdráttar í losun og aukinnar bindingar, hafandi í huga að um langtímaverkefni er að ræða. Jafnframt þarf að líta til annarra sjónarmiða, svo sem jafnréttis, sanngirni, ávinnings og samkeppnishæfni.

Kolefnishlutleysi hefur verið lýst sem ástandi þar sem jafnvægi hefur náðst milli losunar gróðurhúsalofttegunda og bindingar kolefnis af mannavöldum og nettólosun er því núll. Kolefnishlutleysi er lykilþáttur í Parísarsamningnum og nauðsynlegt til að ná markmiði samningsins um að halda hnattrænni hlýnun innan við 2°C og eins nálægt 1,5°C og hægt er.

Með þessu rannsóknarverkefni er ætlunin meðal annars að tengja saman ólíka aðila í íslensku samfélagi og safna gögnum fyrir frekari vinnu í átt að kolefnishlutlausu Íslandi árið 2040. Verkefnið samanstendur af tveimur verkhlutum sem unnir verða samhliða. Annar hlutinn snýr að samtali við almenning um vitund og viðhorf til kolefnishlutleysis. Hinn hlutinn snýr að greiningum á mögulegum leiðum að markmiði stjórnvalda um kolefnishlutleysi þar sem notuð verður aðferðarfræði framtíðarfræða.

Fyrir þann hluta verkefnisins sem snýr að samtali við almenning fer Guðný Gústafsdóttir, verkefnisstjóri hjá Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands. Varðandi þann hluta sem snýr að greiningum á mögulegum leiðum að markmiði stjórnvalda fara Brynhildur Davíðsdóttir, prófessor við Háskóla Íslands og Hlynur Stefánsson, dósent við Háskólann í Reykjavík. Þau munu sitja fundi með ráðgjafahópnum.

Hlutverk ráðgjafahópsins er að veita ráðgjöf um þau mál sem þau sem vinna rannsóknarverkefnið meta þörf á hverju sinni og styðja eftir þörfum við vinnslu verkefnisins með endurgjöf og ábendingum.

Niðurstöður verkefnisins munu liggja til grundvallar frekari stefnumótunarvinnu um kolefnishlutlaust Ísland árið 2040.

Ráðgjafahópurinn mun leita til annarra sérfræðinga og fagstofnana eftir því sem efni og ástæður standa til.

Ráðgjafarhópurinn er þannig skipaður:

Halla Sigrún Sigurðardóttir, formaður, umhverfis- og auðlindaráðuneyti,
Anna Sigurveig Ragnarsdóttir, sérfræðingur, umhverfis- og auðlindaráðuneyti,
Henný Hinz, aðstoðarmaður ríkisstjórnar, tilnefnd af forsætisráðuneytinu,
Ólafur Heiðar Helgason, sérfræðingur, tilnefndur af efnahags- og fjármálaráðuneytinu,
Friðfinnur Skaptason, sérfræðingur, tilnefndur af samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu,
Halldór Þorgeirsson, formaður Loftslagsráðs, tilnefndur af Loftslagsráði,
Eggert Benedikt Guðmundsson, forstöðumaður Grænvangs, tilnefndur af Grænvangi,
Tinna Hallgrímsdóttir, frá Ungum umhverfissinum, tilnefnd af náttúru- og umhverfisverndarsamtökum.

Stefán Gíslason, umhverfisstjórnunarfræðingur og ráðgjafi verður starfsmaður ráðgjafahópsins.

Gert er ráð fyrir að vinnu ráðgjafahópsins ljúki fyrir 15. maí, er varðar þá verkþætti sem nefndir eru hér að ofan.

Ekki er greitt fyrir setu í ráðgjafahópnum.

Guðmundur Ingi Guðbrandsson

Hugi Ólafsson

Ljósrit: Tengiliðateymi umhverfis- og náttúruverndarsamtaka